

verzlunarinnar sé sú sama og verið hefði um hvert annað húsnæði, sem hann hefði haft á leigu til eigin afnota, enda mun hann hafa búið í nokkrum hluta hins umdeilda húsnæðis. Afnotarétt sinn af leiguhúsnæði getur leigutaki jafnaðarlega ekki fengið öðrum í hendur án samþykkis leigusala, og verður samkvæmt því að líta svo á, að leigusala sé heldur ekki skylt að hlíta því, að erfingjar, sem ekki hafa áður haft nein afnot hins leigða húsnæðis, gangi inn í leigumála arfláta í hans stað. Verður af þessum ástæðum að líta svo á, að gerðarþolar máls þessa hafi ekki leigurétt að hinu umdeilda húsnæði, og ber því að leyfa framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dráttur sá, sem orðið hefur á uppkvaðningu úrskurðar þessa, stafar af miklum önnum í fógetaréttinum í sambandi við útburðarmál nú í kringum flutningsdag á hausti.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna gerð skal fara fram á ábyrgð gerðarbeiðanda. Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 23. febrúar 1945.

Nr. 12/1945. **Valdstjórnin** (Egill Sigurgeirsson)
gegn

Konráði Guðmundssyni (Ólafur Þorgrímsson).

Brot á reglum um verðlag.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 450.00 til hvors.

Þvi dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Konráð Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin máflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Egils Sigurgeirssonar og Ólafs Þorgrímssonar, kr. 450.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 17. janúar 1945.

Ár 1945, miðvikudaginn 17. janúar, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans, Valdimar Stefánssyni, uppkveðinn dómur í málinu nr. 145/1945: Valdstjórnin gegn Konráði Guðmundssyni, sem tekið var til dóms 15. sama mánaðar.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Konráði Guðmundssyni bifreiðarstjóra, til heimilis á Njálsgötu 8 B hér í bæ, fyrir brot gegn verðlagslöggjöfinni. Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna. Hinn 10. nóvember 1937 var hann kærður fyrir vanskil yfirsængur, en henni var skilað og féll þá málið niður. Hinn 19. febrúar 1944 var hann dæmdur í 10 daga varðhald og sviptur ökuréttindum í 3 mánuði fyrir ölvun við bifreiðaaakstur.

Bifreiðarstjórafélagið Hreyfill ákvað á s. l. hausti, að hinn 17. desember 1944 skyldi ganga í gildi hér í bæ ný gjaldskrá fyrir leigubifreiðar til mannflutninga, allmiklu hærri en sú gjaldskrá, sem í gildi hafði verið frá því á árinu 1942. Var hin nýja gjaldskrá gefin út og afhent bifreiðarstjórum á bifreiðastöð samvinnufélagsins Hreyfils, þar á meðal kærðum, en þaðan ekur hann leigubifreiðinni R 453. Hinn 18. f. m. ók kærður í nefndri bifreið tvær ferðir innanbæjar, og kostaði önnur kr. 5.00, en hin kr. 8.00. Er viðurkennt, að eftir gjaldskránni frá 1942 hafi ferðir þessar átt að kosta kr. 3.00 sú fyrrnefnda, en kr. 6.00 sú síðarnefnda. Yfir þessari verðlagningu ferðanna kærði verðlagsstjóri hinn 21. f. m. Telur hann hækkun gjaldskrárinnar án samþykkis Viðskiptaráðs brjóta í bág við 7. gr. verðlagslaganna nr. 3 13. febrúar 1943. Af hálfu kærðs er krafizt sýknu, í fyrsta lagi sökum þess, að hann sé hér eigi réttur aðili, heldur stjórn bifreiðarstjórafélagssins Hreyfils, sbr. 3. gr., 1. mgr., laga nr. 80 11. júní 1938, og í öðru lagi af því

að ákvarðanir bifreiðarstjórafélagsins um ökugjaldskrána sé undanþegin valdi Viðskiptaráðs samkvæmt niðurlagi 1. gr. verðlagslaganna. Á þessar sýknuástæður þykir eigi verða fallizt. Verður að líta svo á, að ákvarðanir um gjaldskrá leigubifreiða sé innan valdsviðs Viðskiptaráðs, samkvæmt 1. gr. verðlagslaganna, og hafi því nýja gjaldskráin verið ólöglega sett, þar sem hún var eigi samþykkt af Viðskiptaráði. Með því að fara eftir þessari nýju, ólög-mætu hækkuðu gjaldskrá í áðurnefndum ferðum hefur kærður brotið 7. gr. verðlagslaganna. Þykir refsing hans samkvæmt 9. gr., 2. mgr., sömu laga eftir atvikum hæfilega ákveðin kr. 100.00 til ríkissjóðs, og komi 5 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærðan ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 300.00.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Konráð Guðmundsson, greiði 100 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 5 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærður greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 26. febrúar 1945.

Nr. 91/1944. **Leifur Böðvarsson** (Einar B. Guðmundsson)
gegn

Ólafi Pálssyni (Egill Sigurgeirsson).

Dóknun fyrir milligöngu við sölu skips.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefndu 10. júlí 1944, hefur aðallega krafizt algerrar sýknu af kröfum stefnda, en til vara, að honum verði dæmt að greiða stefnda aðeins 2000.00 kr. vaxtalaust. Svo krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar, hvernig sem málalok verði.